

Stjórn HB Granda hf.

b.t. Magnúsar M. S. Gústafssonar, stjórnarformanns

Norðurgarði 1

101 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2018

Breytingatillaga til meðferðar á hluthafafundi 16. október 2018

Með vísan til breytingatillögu stjórnar HB Granda hf., dags. 16. október 2018, leggur Gildi-lífeyrissjóður fram eftirfarandi breytingatillögu á þeirri tillögu til meðferðar á fundinum:

„Hluthafafundur HB Granda hf., dags. 16. október 2018, samþykkir að skipa fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. til þess að meta fyrirhuguð viðskipti um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. og skilmála þeirra. Í þessu felst að leggja fram gagnvart hluthöfum rökstutt álit á því hvort um hagfeldi viðskipti sé að ræða fyrir HB Granda hf. og hvort kaupverðið sé í samræmi við það sem ætla mætti að greitt yrði í viðskiptum milli þessara aðila væru engin tengsl milli þeirra. Þess skal farið á leit við fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. að við verðmatið sé m.a. lagt mat á það hversu vel rekstur Ögurvíkur ehf. fellur að rekstri HB Granda hf. þannig að um góðan fjárfestingarkost sé að ræða og hvort slík sambætting sé ákjósanleg fyrir HB Granda hf. Í þessu samhengi skal m.a. leggja mat á samlegðaráhrif vegna fyrirhugaðra kaupa félagsins á Ögurvík ehf. og mat lagt á rekstrarvirði Ögurvíkur ehf. í hendi HB Granda hf. að teknu tilliti til þeirra. Gert skal ráð fyrir því að fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. ákvárdi viðeigandi matsforsendur í þessum efnunum. Kostnaður vegna matsins skal eigi vera hærri en þrjár milljónir króna.

Hluthafafundur HB Granda hf. felur stjórn félagsins að ganga frá samningi við fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. í samræmi við framangreint. Jafnframt skulu stjórn og stjórnendur félagsins veita fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru að mati fyrirtækjaráðgjafar Kviku banka hf. til þess að unnt sé að framkvæma framangreint. Skal stefnt að því að helstu forsendar og niðurstöður álítsins verði gerðar aðgengilegar hluthöfum eigi síðar en 29. október 2018.

Ákvörðun sem fyrir liggur hluthafafundinum um staðfestingu á ákvörðun stjórnar um kaup HB Granda hf. á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. skal frestað til framhaldsfundar sem skal haldinn 2. nóvember 2018 klukkan 17:00 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík. Á þeim fundi skal fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. gera nánar grein fyrir niðurstöðum sínum.“

Greinargerð með tillögu:

Fyrir hluthafafundinum liggur tillaga um að staðfesta ákvörðun stjórnar um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. af Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. (áður Brim

hf.). Liggur þannig fyrir hluthöfum að leggja mat á og taka afstöðu til þess hvort viðskiptin séu hagfelld fyrir HB Granda hf. Tillaga þessi er m.a. lögð fram í ljósi þess að aðaleigandi seljanda er forstjóri kaupanda og stærsti hluthafi hans. Markmið hennar er því að tryggja að ákvörðunartakan sé hafin yfir allan vafa.

Samkvæmt 95. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög þarf við þessar aðstæður að leggja fram sérfræðiskýrslu, sem samkvæmt ákvæðinu skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, þ.e. að verðmæti hins keypta svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds (sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1995). Fyrir liggur sérfræðiskýrsla sem er m.a. þeim annmarka háð að einungis er byggt á einni tiltekinni matsaðferð án þess að horft sé til annarra þátta sem kunna að skipta máli þegar viðskiptin eru metin á heildstæðum grunni.

Vegna þessa lagði Gildi fram breytingatillögu 6. október 2018 sem fól í sér að fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. yrði fengin til þess að meta fyrirhuguð viðskipti um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. og skilmála þeirra, samkvæmt því sem nánar greindi í tillöggunni. Var jafnframt gert ráð fyrir að hluthafar myndu skipa þrjá fulltrúa hluthafa ótengda Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. til að annast nánari verklýsingu og samningsgerð við fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. Framangreint fyrirkomulag tók meðal annars mið af því að stjórn félagsins væri ekki ætlað að ákveða forsendur mats þriðja aðila á fjárfestingaákvörðun sem stjórn hefur þegar samþykkt.

Í breytingatillögu stjórnar HB Granda hf. í dag, 16. október, eru bornar brigður á að lög standi til fyrrgreinds fyrirkomulags varðandi skipun þrigga fulltrúa hluthafa. Gildi er ósammála því fyrir sitt leyti enda engin ákvæði laga um hlutafélög sem standa slíku fyrirkomulagi í vegi og tilgangurinn einskorðaður við að útfæra ákvörðun hluthafafundar, sem fer með æðsta vald í málefnum félaga, samkvæmt umboði hans.

Á hinn bóinn til þess að tryggja framgang málsins er lögð fram breytingatillaga við tillögu stjórnar þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir nefnd skipaðri fulltrúum hluthafa til að ákveða nánari verklýsingu gagnvart fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. heldur er verklýsing um tilhögun matsins tekin inn í tillöguna.

Sé tillagan samþykkt ber stjórn, í samræmi við ályktun hluthafafundar, þ.m.t. um inntak verklýsingar, að ganga til samninga við fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. í framhaldi fundarins.

Reykjavík 16. október 2018

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Davíð Rúdólfsson

Forstöðumaður eignastýringar og staðgengill framkvæmdastjóra